



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## LEYFI

fyrir vistheimili (Mánaberg) að Efstalandi 26, F2274584, rými 01 0301.

Nafn leyfishafa: Reykjavíkurborg

Heimilisfang: Ráðhúsið, 101 Reykjavíkurborg

Kennitala: 530269-7609

**Gildir frá: 5. mars 2026**

**Gildir til: 5. mars 2038**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglina.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 5. mars 2026

  
HEILBRIGÐISEFTIRLIT  
REYKJAVÍKUR



## Reykjavíkurborg, velferðarsvið

kt. 530269-7609

### vegna vistheimilis fyrir börn að Efstalandi 26.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

<b>Dags. umsóknar.</b> Sjá kafla 1. hér að neðan.	16.04.2025
<b>Rekstraraðili, kt.</b>	Reykjavíkurborg kt. 530269-7609
<b>Heiti fyrirtækis</b>	Vistheimili barna Mánaberg
<b>Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.</b>	Efstaland 26, F2274584, rými 01-0301
<b>Tegund starfsemi</b>	Heimili fyrir börn og unglunga með sex börn eða fleiri, sbr. töluliður 20 í viðauka við reglugerð nr. 903/2024
<b>Tilefni umsóknar</b>	Flutningur í nýtt húsnæði
<b>Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.</b>	Staðfesting barst 03.03.2026
<b>Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.</b>	18.12.2025. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi <i>samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga</i> . Auglýsing var birt á vefsíðu HER
<b>Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.</b>	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma
<b>Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.</b>	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi
<b>Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.</b>	Umsóknin var lögð fyrir 1896. afgreiðslufundur HER þann 05.03.2026. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára



## 1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin ófullnægjandi þar sem staðfesting byggingarfulltrúa Reykjavíkur fyrir húsnæðið fylgdi ekki með umsókn, og var umsækjanda leiðbeint um hvaða gögn vantaði til að hægt væri að meta hana fullnægjandi.

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi. Byggingarfulltrúi staðfesti með skjali gefnu út 18. desember 2025 að byggingarfulltrúi gerði ekki athugasemdir við að starfsemin yrði auglýst. Tillaga af starfsleyfi fyrir starfsemina var sett í auglýsingu 18.12.2025, sjá nánar í lið 3. hér fyrir neðan.

Auglýsingatíma lauk 15.01.2026. Þá hafði ekki borist staðfesting byggingarfulltrúa Reykjavíkur fyrir húsnæðið. Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal taka ákvörðun um útgáfu starfsleyfi innan fjögurra vikna frá því að auglýsingatíma líkur. Þegar fjórar vikur höfðu liðið frá auglýsingu og staðfesting ekki borist var umsækjanda tilkynnt um að umsókn um starfsleyfi yrði synjað. 23. febrúar var sent bréf þess efnis og umsækjanda gefin tveggja vikna andmælafrestur. Staðfesting byggingarfulltrúa Reykjavíkur barst 3.mars 2026 áður en andmælafrestur var liðinn. Umsókn var þá afgreidd.

## 2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggja fyrir og starfsemin standist skipulag.

Staðfesting byggingarfulltrúa á ofangreindu barst 03.03.2026.

## 3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.



#### 4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

#### 5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

#### 6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

#### 7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð – sjá nánar á vefsíðunni <https://uua.is/hvernig-a-ad-kaera/>.

24.04.2026

Jóhanna Margrét Haraldsdóttir heilbrigðisfulltrúi

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur